



Þessi fyrirlestr á að verða um vatnsveitingar. Yðr finnst það, ef til vill, nokkuð undarlegt umtalsefni, undarlegt, að *eg* skuli fara að tala um annað eins efni, undarlegt, að nokkur skuli dirfast að bjóða mönnum fyrirlestr út af slíku efni við annað eins tækisferi og þetta — fyrirlestr á kirkjuþingi um vatnsveitingar. Það kemr margt undarlegt fyrir hér í Ameríku. Og það er sumt meira en lítið undarlegt farið að koma fyrir meðal vor Íslendinga hérna megin Atlantshafs. Eg ætla ekki að fara að benda yðr sérstaklega á neitt af þessu ýmsa undarlega, sem á líðinni tíð hefir komið fram í þjóðlífi Íslendinga síðan þeir hófu landnám í þessari heimsálfu. Sumt af því, sem mér virðist undarlegt, sýnist yðr, ef til vill, alls ekkert undarlegt, og sumt, sem yðr þykir undarlegt, sýnist mér að líkindum ekki hót undarlegt, heldr þvert á móti í alla staði eðlilegt. En þegar eg nú í dag fer að tala hér um vatnsveitingar, þá get eg háizt við því, að flestum þyki það undarlegt uppátæki, slíkt eigi þó

sannarlega alls ekki við á þessum stað, og eg hefði vissulega átt að bjóða mönnum upp á eitthvað annað, sem meiri líkur voru fyrir að eg væri betr vaxinn og sem betr samsvaraði tilgangi annarrar eins samkomu og þessarar.

Eg verð að biðja yðr að gjöra svo vel, að hafa ofr-litla þolinmæði og biðja með alla dóma yfir því, sem eg hefi valið mér til umtals, þangað til eg er búinn að segja það, sem eg ætla hér að segja.

Hefir hverjum einstökum yðar ekki stundum komið í hug að spyrja sjálfan sig að því, til hvers hann sérstaklega hafi haft köllun í lífinu? Gáfnafar allra manna er ekki alveg eins. Hver einstakr er frá skaparans hendi útbúinn með sérstökum hæfileglegikum. Hver einstakr maðr hefir frá upphafi þegið sitt sérstaka pund, eða sín sérstöku pund. Öllum er ætlað að verða nýttir menn og góðir menn, verða mannfélagi því, sem þeir til heyra, til meiri eða minni uppbyggingar. En allir hafa ekki hæfilegleika til þess að verða gagnlegir menn einmitt á sama látt, heldr er aug-